

078/00 - Bv. Venus HF-519

Venus HF-519, skipverji slasast þegar poki á flotvörpu slæst í hann

Bv. Venus HF-519

Skipaskr.nr.: 1308

Smíðaður: á Spáni 1973 úr stáli

Stærð: 1.156,11 brl; 1.779,00 bt

Lengd: 77,53 m **Breidd:** 11,60 m **Dýpt:** 7,50 m

Vél: MAK 2.355,00 kW **Árgerð:** 1979

Annað:

Földi skipverja: 27



Venus ©Hafþór Hreiðarsson

Atvikalýsing

Hinn 2. febrúar 2000 var bv. Venus HF-519 að veiðum á Melsak (Reykjaneshrygg). Veður: vestsuðvestan 5-7 vindstig.

Skipverjar höfðu kastað botnvörpunni og voru að ganga frá á þilfari. Voru þeir að ganga frá leiðurum og undirbúa að hífa upp veiðarfærið.

Á flottrollsvindu var flotvarpa og hafði vinda gefið aðeins eftir og pokaendinn sigið niður á þilfarið. Það að pokinn væri niður á þilfarið torvelaði skipverjum að draga leiðarana aftur eftir þilfarinu. Skipstjórnarmaður á stjórnþalli sá að pokinn hafði sigið niður og vissi að það var til óþæginda fyrir skipverjana. Hann hífði því í pokann og ætlaði að lyfta pokaendanum frá þilfarinu. Þurfti mikla nákvæmni við hraðastillingu á vindunni og þegar híft var varð hraðinn of mikill og fór pokaendinn of langt svo að hann slóst yfir tromluna og féll niður fyrir framan hana. Ekki vildi betur til en einn skipverja var undir tromlunni og lenti pokinn á honum þegar hann féll niður.

Skipverjinn vankaðist við höggið og skipsfélagar hans aðstoðuðu hann. Eftir að hafa jafnað sig um tíma reyndi hann að vinna áfram en það gekk ekki. Fór skipverjinn til læknis þegar skipið kom til hafnar seinnihluta sama dags.

Við rannsókn kom fram

- að um tíma hafði orðið vart við að flottrollsvindan gaf eftir þegar hún var stopp og ef varpan var inni á tromlunni vildi pokinn síga niður. Eftir atvikið var reynt að gera við vinduna en það hefði ekki tekist fullkomlega;
- að stjórnandi vindunnar sá ekki hvað var undir flottrollstromlunni;
- að skipverjar við vinnu á þilfari höfðu ekki óskað eftir að híft væri í poka flotvörpunnar.

Nefndarálit

Nefndin telur að koma megi í veg fyrir sambærileg atvik ef þeirri reglu væri fylgt að hífa aldrei nema full yfirsýn sé yfir hreyfiferilinn. Ef sjónsvið stjórnanda vindu er skert að þá sé annar maður sem hafi yfirsýn til að gefa stjórnanda vindunnar bendingar um hífinguna.